

Heimaspítali krabbameinsþjónustu Landspítala

Heimaspítalinn er tímabundin þjónusta sem veitt er sjúklingum í heimahúsi á vegum blóð- og krabbameinsdeildar Landspítala. Slík þjónusta getur gert sjúklingum kleift að dvelja heima í stað þess að sækja meðferð á göngudeildir eða dvelja á spítalanum. Þannig er til dæmis hægt að komast hjá innlögn og fara fyrir heim.

Heimaspítalinn er ætlaður fullorðnum sjúklingum með greinda blóðsjúkdóma eða krabbamein sem eru að takast á við erfið einkenni og þurfa sérhæfða meðferð og eftirlit.

Völdum sjúklingum býðst þjónusta Heimaspítalans og lækna og hjúkrunarfræðingar krabbameinsþjónustu sjá um að meta hverjum hún geti gagnast. Þjónustan er einungis veitt á höfuðborgarsvæðinu.

Starfsemi og þjónusta

Lögð er áhersla á heildræna umönnun sem felst meðal annars í læknisfræðilegu inngripi, þjálfun, fræðslu, stuðningi og ráðgjöf.

- Veitt er sólarhringsþjónusta með skipulögðum vitjunum hjúkrunarfræðinga alla daga frá 08-23:00.
- Símtölum er svarað allan sólarhringinn.
- Tíðni heimavítjana er ákveðin í samráði við sjúklinga og aðstandendur og fer eftir þörfum hverju sinni.
- Hjúkrunarfræðingar Heimaspítalans vinna náið með öðru heilbrigðisstarfsfólki.

Fagstéttir sem veita þjónustu á vegum Heimaspítalans eru:

- Hjúkrunarfræðingar og lækna
- Sál gæsla Landspítala
- Félagsráðgjafar
- Lyfjafræðingar
- Sjúkraþjálfarar
- Iðjuþjálfar
- Næringarfræðingar

Einnig geta aðrir komið að umönnun og meðferð í samráði við sjúkling og aðstandanda. Ef sjúklingur er nú þegar með þjónustu heimahjúkrunar eða HERU helst sú þjónusta óbreytt.

Þjónusta sem veitt er

Þjónusta Heimaspítalans getur meðal annars falist í:

- Meðferð einkenna sem geta fylgt sjúkdómi og meðferð, til dæmis verkja, kvíða, ógleði og vandamálum með næringu
- Gjöf sýklalyfja í æð og aðrar lyfjagjafir
- Gjöf vökva og næringar í æð
- Umsjón með lyfjadælum
- Taka blóðsýna og annarra sýna
- Ráðgjöf og fræðslu fyrir sjúkling og aðstandendur
- Gjöf krabbameinslyfja undir húð eða með lyfjadælu
- Stuðningi í samskiptum við heilbrigðiskerfið

Kostnaður

Ekki þarf að greiða fyrir þjónustu Heimaspítalans.

Símanúmer

Vaktsími hjúkrunarfræðinga Heimaspítalans: 615 3001.

Ef þörf er á þjónustu á milli skipulagðra vitjana er hringt í vaktsíma Heimaspítalans í síma 615 3001.